

Íbúáping í Fólkvangi 15. maí 2010

Íbúápingið var samvinnuverkefni Íbúasamtaka Kjalarness og hverfisráðs Kjalarness. Fjölmarginir komu að undirbúningi og skipulagi þingsins og fyrir utan stjórn ÍK og hverfisráðsins sem átti marga fundi um þetta ber að þakka starfsfólki Miðgarðs sem bar hita og þunga að framkvæmdinni í aðdraganda þingsins.

Markmið þingsins var að skapa íbúum tækifæri til að eiga skoðanaskipti við ráðamenn í borginni, hvort sem er þá pólitísku eða embættismennina. Umhverfið okkar og mannlífið hér á Kjalarnesi hefur upp á ótalmargt að bjóða og því viljum við koma á framfæri. Við viljum einnig svo gjarnan hafa áhrif á þá þjónustu sem við njótum og vekja athygli á sérstöðu okkar sem er fyrst og fremst vegna fjarlægðar og fámennis í hlutfalli við það allt það land sem er hér á Kjalarnesi.

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir setti þingið en þar á eftir höfðu eftirtaldir fulltrúar framboðanna framsögu: Marta Guðjónsdóttir fyrir Sjálfstæðisflokk, Þorleifur Gunnlaugsson fyrir Vinstri Græn, Ólafur F Magnússon fyrir framboð um heiðarleika, Haraldur Baldursson fyrir Frjálslynda flokkinn, Friðrik Hansen Guðmundsson fyrir Reykjavíkurframboðið, Einar Skúlason fyrir Framsóknarflokkinn og Dagur B. Eggertsson fyrir Samfylkinguna.

Fulltrúar sviða borgarinnar voru eftirfarandi: Þórarinn Þórarinsson frá Skipulags- og byggingarsviði, Þórólfur Jónsson frá umhverfis- og samgöngusviði og Framkvæmda- og eignasviði, Ingibjörg Sigurþórsdóttir frá Velferðarsviði, Soffía Pálsdóttir frá Íþrótt- og tómsundasviði, Björgvin Þór Þórhallsson fulltrúi menntasviðs og Elín Þóra Böðvarsdóttir fulltrúi leikskólasviðs



Eftirfarandi einstaklingar tóku að sér hópstjórn: Guðni Indriðason stjórnaði hópi 1. Hólmar Þór Stefánsson stjórnaði hópi 2, Sigríður Pétursdóttir sá um hóp 3, Svanhvít Guðrún Jóhannsdóttir var með hóp 4 og Magnús Kristinsson sá um samantekt í hópi 5 og er þeim þakkað þeirra framlag. Formaður íbúasamtaka Kjalarness Ásgeir Harðarson stýrði fundi og sá um samantekt á niðurstöðum.

1. Skipulagsmál

Í vinnuhóp um skipulagsmál var mikil umræða um aðstöðu hestamanna á Kjalarnesi. Fram kom að á Kjalarnesi eru um 30 fjölskyldur sem tengjast hestamennsku en þurfa flestar að nota aðstöðu ýmist í Mosfellsbæ eða annarsstaðar á Höfuðborgarsvæðinu. Mikill áhugi er fyrir því að geta stundað hestamenskuna í nærumhverfinu. Snerist umræðan t.d. um það að hér á Kjalarnesinu er eftirsóknarvert umhverfi til þessarar tólmstundaiðju. Gera þarf bragabót á þeirri aðstöðu sem hestamennskan útheimtir, s.s reiðstígar, hesthúsahverfi með tilheyrandi aðstöðu og beitarhólf. Líta menn þá til Blikdalsins sem aðstöðu fyrir beitarhólf til sumarbeitar í bland við Græna trefilinn með göngu- og reiðstígum. Svæðið þar niður af, Arnarhamarsvæðið, til uppbyggingar á hesthúsahverfi með þeirri aðstöðu sem tilheyrir sem myndi einnig falla inni Græna trefilinn. Við þetta fléttast aðstaða við Arnarhamarsrétt fyrir göngufólk sem vill ganga inn Blikdal, á Esjuna eða gömlu þjóðleiðina með Esjuhlíðum sem yrði opnuð fyrir gangandi og ríðandi og tengdist stígakerfi Mosfellsbæjar.

Rætt var um Arnarhamarsrétt, hún hafi rýrnað verulega síðasta áratug. Eftir standi tæplega þriðjungur grjótsins sem hún var hlaðin úr. Réttina þarf að laga og friða til að koma í veg fyrir að menningarverðmæti spillist. Réttin er jú hluti af sögu Kjalarness sem og lands og þjóðar.

Lögð var reiðgata með fram Vesturlandsvegi nokkru fyrir síðustu aldamót. Gatan er að jafnaði um 3ja – 4ja metra fjarlægð frá Vesturlandsveginum og þá umferðinni sem er á u.þ.b. 100 km hraða. Það er einungis fyrir ofurhuga að fara þessa leið í dag vegna mikilla breytinga sem orðið hefur á umferðarþunga.

Hjólreiðastíga vantar tilfinnanlega á Kjalarnesið og þá tengja þá við stíga í Mosfellsbæ og þá um leið er komin tenging við miðbæ RVK.

Milli Vesturlandsvegur og Vallargrundar voru gróðursettar aspir fyrir u.þ.b. 2 áratugum, þessi tré þrífast afar illa og eru ekki til prýði. Mörg þeirra voru gróðursett í gamla vesturlandsveginn, þ.e.a.s. í möl. Trén þarf að fódra líkt og skepnur til að þau þrífist í vindgnauðinu sem þarna er. En það er eins og þau séu einskins manns tré, ekkert hefur verið gert fyrir þau frá plöntun.

Nokkur umræða fór fram um almenningssamgöngur og aðstöðuna/strætóskýlin. Íbúar vilja fá strætóskýli aftur niður í hverfið þar sem meira skjól er og styttra að ganga fyrir eldri borgara.

Áhugi hefur verið fyrir bátabryggju lengi. Hugmyndir eru að koma henni fyrir í Hofsvíkinni og þá að opna fyrir bátsferðir til miðborgarinnar og skoðunarferðir um sundin og eyjarnar.



Skipulagsmál -framhald

- ❖ Tengja reiðleið með Esjunni saman við reiðleiðir í Mosfellsbæ.
- ❖ Hesthúsahverfi við Arnarhamar inni í Græna treflinum.
- ❖ Hesthúsalóðir vantar á svæðinu.
- ❖ Beitaraðstaða er ekki til staðar.
- ❖ Reiðleið á Kjalarnesinu sjálfu t.d. meðfram ströndinni.
- ❖ Reiðgötur og gönguleiðir á Blikdal og beitarhólf fyrir hesta.
- ❖ Reiðgötu frá Arnarhamri niður til sjávar um Arnarholtsland.
- ❖ 30 fjölskyldur eru í hestum á svæðinu þannig að gera má ráð fyrir að um 100 reiðhestar fylgi þeim.
- ❖ Arnarhamarsrétt þarfnast viðhalds, mikilvægt að varðveita slíkar minjar.
- ❖ Merktar gönguleiðir frá Arnarhamarsrétt.
- ❖ Bílastæði og aðstaða fyrir göngufólk við Arnarhamarsrétt. Í dag er fólk að leggja úti vegkanti við Vesturlandsveg, klifra yfir girðingar sem veldur landeigendum tjóni og óþægindum auk þess sem umferðaröryggi er ógnað eins og hlutirnir eru í dag.
- ❖ Steypueiningar sem liggja í fjörunni neðan Búagrundar þarf að fjarlægja. Af þeim er slysaætta og engin prýði.
- ❖ Tengja göngu og hjólreiðastíga niður í Mosfellsbæ.
- ❖ Viðhald á Öspum við Þjóðveginn við Grundarhverfi vantar. Þær vaxa í vinkel sem er ekki til sóma fyrir borgina.
- ❖ Hjólreiðarstígur Mosfellsbæjar og Kjalarness sem tengjast svo aftur Reykjavík.

Samgöngur

- ❖ Skortur á strætisvögnum.
- ❖ Strætisvagnar þurfa að lúta betur almenningsstjórn.
- ❖ Færa strætisvagnaskýli niður í byggðina.
- ❖ Breytilegt veður í byggðinni, mun lygnara inni í byggðinni þegar rokhvasst er upp við Þjóðveginn. Hentar íbúum betur að hafa skýlin inni í byggðinni.
- ❖ Bátabryggja v/Hofsvík – tenging v/miðbæinn.
- ❖ Bátsferðir – Viðey o.fl. eyja sem hægt væri að skoða.
- ❖ Göngustígur
- ❖ Hjólastígur
- ❖ Tryggja aðgengi að fjörunni úr Grundarhverfi (þ.e. slá þarf grasið á opnu svæðunum og fjarlægja framkvæmdaslóðann eftir Ístak).

2. Sameining þjónustustofnana og þjónusta borgarinnar við Kjalarnesið.

Eftirfarandi áherslur voru í hópnum um þjónustu borgarinnar við Kjalarnes.

Varðandi sameiningu leikskóla og skóla þarf e.t.v. gulrót fyrir leikskólakennara svo þeir vilji vinna hér og koma á stöðugleika í starfsmannahópi leikskólans.

Við sameiningu tapast stöðugildi leikskólastjóra. Miklar umræður voru um að ekki megi spara í leikskólanum heldur að gera hann að betri leikskóla.

Hvernig verður staðið að stjórnun þessara stofnana? Hafa þeir sem nota þjónustuna nægilega góða aðkomu að stjórnendum (skólastjórn).

Hvernig verður samvinnu milli kennara og starfsmanna leikskólans háttað?

Við sameiningu verða miklu fleiri möguleikar í samnýtingu húsnæðis t.d. sérgreinastofa, íþróttahús, íþróttakennarar.

Mikilvægt er að viðurkenna sérstöðu Kjalarness vegna fjarlægða frá miðborginni. Lögð er áhersla á að einstaklingar búsettir á Kjalarnesi hafi forgang að vinnu hér vegna þess að líkur séu á þeir stoppi lengur við.



Fram kom að laun stjórnenda í leikskólum í bænum eru hærri en hér á grundvelli stærðar leikskólanna en ekki er tekið tillit til ferðakostnaðar. Ef ekki er hægt að manna störf með fólki af Kjalarnesi er ferðakostnaður ákveðinn þröskuldur og getur hamlað því að hæft fólk komi til starfa. Einnig eru miklar líkur á að það stoppi styttra við en ella ef það ber mikinn kostnað af milliferðum.

Auka verður vægi áhaldahúss í þjónustu við íbúana.

Það eru margir aðilar frá mismunandi stofnunum sem sjá um garðslátt. Með bættri þjónustulund mætti sameina þennan þátt undir einn hatt.

Dæmi um verkefni fyrir áhaldahúsið:

- Viðhald á stígum, gróðri, lóðum við skóla.
- Viðhald á leiktækjum.
- Að starfsemin sé sýnileg í hverfinu.
- Sýna frumkvæði og framtaksemi.
- Að vinnuskólinn sé undir áhaldahúsinu.
- Fá stöðugildi í áhaldahúsi sem sinni viðhaldi utanhúss á húsnæði borgarinnar

Niðurstaða – Tilraunaverkefni:

Samvinna milli allra sviða borgarinnar um þjónustu við hverfið okkar.

- Skóli, leikskóli frístund og íþróttahús
- Áhaldahús: garðyrkja, viðhald húseigna, húsvörður v. eigna borgarinnar, Sorpa.

3. Grænt Kjalarnes

Í sameiningarviðræðunum við Reykjavík var rætt um að Kjalarnesið yrði grænt svæði í Reykjavík, sveit í borg. Þessar hugmyndir vilja menn endurvekja. Kjalarnesið þarf að verða öruggara útivistarsvæði fyrir gangandi, hjólandi og hestamenn. Slysahætta er of mikil eins og staðan er í dag. Semja þarf stefnu fyrir Kjalarnes varðandi grænar áherslur, t.d. í atvinnumálum. Vilja menn halda í hefðbundinn búskap og skapa honum góð skilyrði? Það var mál manna að svo væri. Einnig var rætt um að til er vistvænt vottunarkerfi sem áhugavert væri fyrir Kjalnesinga að skoða í víðu samhengi. Það gæti flýtt fyrir að útfæra hugmyndir um Grænt Kjalarnes.

- ❖ Græni trefillinn með göngu- og reiðleiðum.
- ❖ Opna gömlu póstmannaleiðina (gömlu þjóðleiðina) sem göngu og reiðveg.
- ❖ Blikdalur: trjárækt og beitarhólf.
- ❖ Gæta að ofbeit.
- ❖ Stórfjölgja öruggum gönguleiðum undir og yfir þjóðveginn.
- ❖ Koma á skólagörðum og garðlönd fyrir íbúa.
- ❖ Skoða hugmyndir um vindorkuver og vistvæna orkuöflun.
- ❖ Vinna hlutina innan frá.
- ❖ Hver er stefna Reykjavíkurborgar í landbúnaði? Hvað vill borgin? Viljum við?
- ❖ Þarf að verja hefðbundinn landbúnað. Lýst eftir landbúnaðarstefnu.
- ❖ Virkja hverfisráðið!
- ❖ Margt til fyrirmyndar á Kjalarnesi – en.
- ❖ Snýst um lífsgæði íbúa (sem fyrir eru).
- ❖ Sjálfbærni í vottunarkerfi. Í prufukeyrslu á Flúðum - (Sustainable) Verkfæri deiliskipulag unnið innan þess – Hagsmunaárekstrar: t.d. hávaði, lykt, hljóð- og sjónmengun.
- ❖ Laga fótboltavöllinn og setja hlaupabraut í kringum völlinn. (til að auka frjálsar).
- ❖ Tengja saman gangstéttar hjá leikskóla, skóla, frístundaheimili og íþróttahúsi og setja hraðahindranir á milli skóla og frístundaheimilis og hraðahindrun á milli leikskóla og íþróttahúss.
- ❖ Gera betri göngustíga við fjöruna og setja gönguleið frá íþróttahúsi að fjöru.
- ❖ Vantar reiðhjólástíga, nýta nýju undirgöngin og leggja reiðhjólástíg að Esjunni.
- ❖ Skólagarðar – fyrir yngri og eldri.



4. Börn og ungmenni.

Í hópnunum börn og ungmenni komu eftirfarandi áherslur komu fram.

Það vantar fótbolta fyrir stúlkur frá 5-6 ára aldri og upp úr. Þær geta spilað með strákunum en eru ekki sáttar við það.

Það vantar sundkennslunámskeið

Það vantar frístundastrætó.

Taxastrætó (pantaður strætisvagn) myndi bæta aðgengi unglunga að æfingaraðstöðu sem stendur þeim til boða niður í bæ en þau geta ekki nýtt vegna lélegra samgangna.

Það þarf að betrubæta íþróttahúsið og auka úrval tækja og þannig hvetja fleiri til að iðka fimleika og frjálssar.

Setja hlaupabraut í kringum fótoltavöllinn (á sama tíma og hann verði lagaður).

Hreyfistrætó sem útvistarátak í tengslum við leikskólann og Klébergsskóla.

Dorgbryggja gæti nýst sem aðstaða fyrir sjósund og jafnvel smábátabryggju.

Skólagarðar á sumrin.

Vantar að tengja saman með gangbraut skóla, leikskóla, frístundaheimilið og íþróttahús. Vantar meira öryggi fyrir börn sem eru að fara á milli þessara staða, t.d. hraðhindrun hjá Kátakoti og leikskóla sem er á sama tíma gangbraut.



5. Atvinnumál

Í vinnuhóp um atvinnumál hófst umræðan á atvinnuleysi því fram komu upplýsingar um að í Reykjavík væri það mest um 11% í Breiðholti og á Kjalarnesi. Leggja verður áherslu á að finna lausn á þessu ástandi. Menn veltu því fyrir sér hvort þetta tengdist erlendum verkamönnum sem hafa talsvert sett sig niður á Kjalarnesi. Það skal jafnframt tekið fram að ekki örlaði á óánægju eða vandlætingu á því enda hefur sá búskapur verið farsæll.

Tillögur:

1. Fá vinnuskólann til að gróðursetja "grænt belti" í hlíðum Esjunnar, sem smátt og smátt dregur hugsanlega eitthvað úr vindhraða.
2. Viðhalda störfum í grunnþjónustu.
3. Uppbygging ferðamála "kynnisferðir".
4. Vinnuálastofnum og íbúasamtökin fundi og greini atvinnuleysið - hvaða störf eru í boði? Er hægt að vinna að uppbyggingu atvinnu sem er sérstaklega gerð til að eyða atvinnuleysi á Kjalarnesi.
5. Atvinnusetur, þ.e. húsnæði sem gefur fólki tækifæri til atvinnuskapandi tilrauna.
6. Að verkefni borgarinnar sem tengjast Kjalarnesinu séu unnin af íbúum eftir því sem kostur er.
7. Nýta félagsheimilið í tengslum við hópeflistengda þjónustu.
8. Tómsundur: Að þróa atvinnutengda þjónustu/starfsemi, s.s í tengslum við sjósund, Esjuhlaup og svo framvegis.
9. Sérstaða: Nýta atvinnusköpun í tengslum við sérstöðu svæðisins t.d. náttúra, landbúnaður, fjarlægð við borgina.



Hugarflugs hluti.

Aðstaða:

1. Atvinnusetur
2. Aðstaða f.svif-drekafólk.
3. Aðstaða f.tómstundir
4. Æfingavæði fatlaða
5. Tölvusetur í Fólkvangi.
6. Aðstaða f. hlaupara.
7. Lúxusstofa f. stjórnendateymi í skipulagsvinnu.

Náttúra:

1. Sumarbúðir f-börn
2. Esju hlaup
3. Skógrækt sem hluti af græna treflinum. Samtvinna við vinnuskólann
4. Samstarf við Útivist og ferðafélög.
5. Húsdýraleiga og eða aðstaða til að sinna sínu dýri.
6. Samstarf við HR um vindorku beislun.
7. Næg verkefni fyrir heimafólk við sumarstörf.

Ferðapjónusta:

1. Elsta kirkja á Íslandi
2. Reka tjaldstæði
3. Miðalda veitingahús
4. Arnarholt sem farfuglaheimili.
5. Bændaglímu hátíð.
6. Rekstur tómsunda-seturs fyrir starfsfólk fyrirtækja.
7. Reka Arnarholt sem hótél fyrir starfsmannahópa.

Íþróttir/tómsundur

1. Kraftakarla keppni.